



Lífgeislur

TÍMARIT UM LÍFSAMBÖND VIÐ AÐRAR STJÖRNUR • 60 TBL. 13. ÁRG. APRÍL 1990

*Vér verðum að færa líffræðina út til stjarnanna.
(Helgi Pjeturss)*

Ingvar Agnarsson:

Þrístirni í Krabbamerki

(Sjá forsiðumynd)

Tvístirni og fleirstirni: Okkar sól er ein og sér á göngu sinni um geiminn eins og margar aðrar sólar. En margt er um tvístirni, þrí-, fjór-, fimm- og sextirni og jafnvel þaðan af fleiri stjörnur, sem fylgjast að og ganga hver um aðra.

Talið er að um það bil fjórða hver sólstjarna fari ein sér á göngu sinni um geiminn eins og er um okkar sól. Annar fjórðungur stjarna er talinn til tvístirna en aðrar stjörnur fara fáeinar saman eða í hópum.

Teikningin sýnir þrístirni í Krabbamerki, þar sem sólin er rauður stórrisi og sú næsta bláhvít. Þær ganga hver um aðra á 60 árum en lengst til hægri má sjá gula sól, sem er mjög langt frá hinum tveim og gengur umhverfis þær báðar á 1.150 árum.

Þorsteinn Guðjónsson:

Hin nýju líffræðivísindi

„Ný vísindi um lífið“ (A new science of life) nefndist bók, sem kom út í Englandi árið 1984, og hafði ég fyrir áeggjan vinar míns, Nýalssinna, sem nú er látinn, skrifað um höfundinn nokkru fyrr. En sá nefnist **Rupert Sheldrake** og er lífefnafræðingur. Fannst kunningja mínum nafn hans hljóma vel, og hafa á sér hreinlegan, norrænan svip. Gerði hann sér í hugarlund, að Sheldrake væri knár maður og karlmannlegur og sópaði að honum, en sannleikurinn er sá, að hann mun ekki vera neitt mikill fyrir mann að sjá, heldur grannur á vöxt, unglingslegur og óvenjulega lágvær í tali, svo að ekki sópar að honum á þann hátt. En því meira bragð er að rithætti hans, þekkingu og hugsun! Í því hafði félagi mínum síst skjátlást, og hefur þar mikið vatn til sjávar runnið síðan. Það eru ekki margar **vísindabækur** á þessari öld, sem hafa kallað yfir sig yfirlýsingar um **naudsyn bóka-brennu**, allrasíst frá jafn háttvirtu tímariti og „Nature“, en sjálfur aðalritstjóri þess lét sér sæma að komast þannig að orði um bókina „Ný vísindi“. Enda hefur R.A. Wilson skrifað: „Rubert Sheldrake er umdeildasti vísindamaður þessarar aldar“. Það þarf varla að taka fram, að hinar illvígu árásir urðu til þess að vekja athygli á bókinni og auka sölu hennar umfram allt annað.

- En svo að örstutt sé vikið að viðbrögðum slíkra manna við kenningunni um formskapandi aflsvæði (morphogenetic fields) og ástæði (morphic resonance) þá eru það þrjú atriði, sem fara fyrir brjóstið á þeim öllu öðru fremur. 1. **fjarhrif** („aaad“, hvort sem er á líffræðilegu sviði eða öðruvísi), 2. að **minni** sé eiginleiki efnisheimsins, og 3. **þróunarskilningur** (evolution, framvinda). Þessi þrjú atriði eru hin mesta ögrun við vísindakurfa, og af þeim stafaði uppnámið út af Sheldrake 1984-5 og ýmsar deilugreinar síðan.


Nú vikur sögunni upp til Borgarfjarðardala, en þar er maður á tíræðisaldri enn að hugsa um eðli heimsins, tilgang og örlög. Þó að ellistirðleiki sé eitthvað farinn að hrjá hann, bæði líkamlega og gagnvart almennum viðburðum, er vísindaleg og heimspekileg hugsun hans jafn vökul og fyrr. „Það er töluvert eftir af þessum karli enn“, heyrði ég haft eftir Sigurði á Reykjum. Í hvert skipti sem ég hef hitt hann nú um árs skeið hefur hann farið að tala um framþróunar-kenninguna, í þeirri mynd sem **Lamarck** gaf henni um 1800, en síður eins og Darwin gerði um 1860, og þó einkum síðari Darwins-sinnar, sem ekki hirtu um, hvað Darwin sjálfur kenndi. Darwin sannaði það, sem Lamarck hafði áður skilið, skýrt, tengt og nefnt réttast allra. Hvenær sem ég hitti gamla manninn fer hann að tala um Lamarck. „Ég gæti best trúað, að Lamarck færi að koma aftur“. „Ég geri mér mestar vonir um, að viðreisnin komi frá Lamarck (í vísindalegum efnum, og síðan annað)“, segir hann aftur og aftur. Ég hef ekki getað vikið þessu með öllu frá mér, því að mér hefur fundist vera einhver sannfæringar-hiti á bak við það, þó að mér hafi einnig komið í hug, að þetta væri eins og hvert annað ellistagl. En ég þurfti ekki lengi að bíða, því maður kom nýlega færandi hendi, með nýja bók eftir Rubert Sheldrake: **Nálægð fortíðarinnar** (The prescence of the Past), gefna út árið 1986, og það er ekki um að villast, að þarna er **Lamarck** kominn aftur, minningu hans haldið á loft og þó einkum líffræðiskilningi hans: **áunninni þróun, minni lífsins** (ættminni), **náttúrulögmálin ekki eilíf**, heldur sköpuð af endurtekningu og löngum vana, **fjarhrif** og **lífafslsvæði** (morphogenetic fields): vísindamennirnir geta orðið heimssköpuðir, því að hið athugaða hefur ekki tilvist sína óháða athugandanum. Það er því með öðrum orðum til mikils að vinna að stunda vísindi.

Að skrifa rækilega um vísindabók slíka sem „Nálægð fortíðarinnar“ eftir Sheldrake er naumast auðvelt á Íslandi. En til þess að gera hina ósögðu sögu stutta, skal þess getið, hvað fyrst varð fyrir augum mínum, þegar ég opnaði bókina; var þar verið að tala um „samhljóm hnattanna“. En

Það er hugtak, sem mönnum hefur orðið tíðrætt um í vísindasögu, og jafnan rakið til Pýþagórasar. „Pýþagóras er sagður hafa fullyrt, að raunverulega hafi hann sjálfur heyrt þessa tónlist himingeimsins, samhljóm hnattanna, enda þótt það væri, „ekki með venjulegri heyrn“, segir Sheldrake. Þetta er nokkuð, sem ég hef ekki séð áður svo skýrt fram tekið í vísindabókum. „Dulargáfur“ og vísindasnilli er ekki sitt hvað, eins og mönnum hefur hætt við að halda, heldur náskylt.

Timinn 14 sept. 1989

Himinsýn



The Astronomers Manual bls. 163

Stjörnur og vetrarbrautir í Meyjarmerki


Um blávegu víðgeimsins blikja sólar og vetrarbrautir í meira mæli en tölum verði á komið og vekja undrun okkar og aðdáun á mikilleika alheimsins og þeirra fjarlægðu veralda sem þar getur að líta. I. A.

LÍFGEISLAR 41

Ingvar Agnarsson:

Stærðir

Fróðlegt getur verið að velta fyrir sér ýmsum stærðum í sambandi við sólhverfi okkar og gera á þeim samanburð um hlutföll.




Myndin á forsíðu sýnir sólhverfi okkar, svífandi í geimnum, bera við vetrarbrautarslæðuna í fjarska. (Pocket Skyguide bls. 201)

Kemur þá í ljós, að margt er þar æði miklu stærra í sniðum, en við höfðum áður gert okkur að fullu ljóst.

Tökum til dæmis sól og jörð og tungl. Þvermál sólar er 1.392.000 km; þvermál jarðar um miðbaug er 12.756 km og þvermál tungls 3.476 km (36,70 hlutar af þvermáli jarðar). Meðalfjarlægð tungls frá jörðu er 384.400 km.

Hvað þýða þessar tölur? Þær þýða það, að ef jörðin stæði í miðju sólar, þá mundi yfirborð hennar, sólarinnar, ná langt út fyrir braut tunglsins, eða allt að því tvöfalt lengra út í geiminn. Slík er stærð sólar. Við eigum í rauninni erfitt með, að gera okkur að fullu grein fyrir feiknastærð þessa bjarta ljósgjafa, sem allt líf jarðar okkar er svo háð.


Lítum enn á málið frá annarri hlið. Þvermál sólar er 109 sinnum meira en þvermál jarðarinnar. Það þýðir, að ef hnöttum, jafnstórum jörðinni, væri raðað hlið við hlið í



Myndin sýnir nokkurnvegin hlutfallsstærðir jarðar og tungls, en að sjálfsögðu ekki sólarinnar. (The Hamlyn Guide to Astronomy. David Baker bls. 163)

beina línu þá þyrfti 109 slíka hnetti til þess að ná þvert í gegnum sólina. Það þýðir líka, að það þarf að 3,62 falda fjarlægðina milli tungls og jarðar, til að jafngilda þvermáli sólar.

Enn má nefna: Aðdráttarafli sólar er svo mikið að hlutur sem vegur 1 kg á jörðinni, vegur 28 kg. á yfirborði sólar. Væri maður, sem vegur hér 75 kg. kominn á yfirborð sólarinnar (sem vitanlega gæti þó aldrei gerst) þá væri þyngd hans þar 2100 kg., eða svo margföld, að alls ekki gæti hann staðið þar uppréttur heldur mundi hann bókstaflega fletjast út, ef hann stæði eða lægi á hörðum fleti.




Tunglið, sú hliðin sem að jörðu snýr. (The Hamlyn Guide to Astronomy, bls 168)

Rúmmál tunglsins er 50 sinnum minna en rúmmál jarðarinnar en rúmmál sólarinnar er 1.301.000 sinnum meira en rúmmál jarðarinnar. Þetta táknar að 50 tungl þurfa til að jafngilda stærð, (eða rúmtaki) jarðarinnar, en 1.301.000 jarðir þarf til að jafngilda stærð sólarinnar.

Efnismagn þessara þriggja hnatta fer þó ekki að öllu eftir stærðinni einni, því eðlisþyngdin er afar misjöfn. Jörðin er 81 sinnum efnismeiri en tunglið en sólin er 333 þúsund sinnum efnismeiri en jörðin.


Gaman er að hugleiða dálítið hraða tunglsins, jarðarinnar og sólarinnar á brautum sínum, og hlutfallshraða þessara þriggja hnatta.



Myndin sýnir stærðarhlutföllin milli jarðar og tungls. (Exploring the Planets bls. 66)

Meðalhraði tunglsins á braut sinni um jörðu er 1022 metrar á sek., 61.333 km á mín. 3680 km á klst. Það væri því rétt um 11 klst. að komast eina ferð umhverfis jörðu, miðað við yfirborðsummál hennar.

En er við berum brautarhraða tunglsins um jörðu saman við brautarhraða jarðar um sólu, þá kemur í ljós gífurlegur mismunur, því jörðin, á braut sinni um sólu þýtur áfram með mjög margföldum hraða tunglsins, hraða sem nemur hvorki meira né minna en 29,8 km á sekúndu hverri, eða 1788 km á mínútu, eða 107.280 km á klst. (Til samanburðar má geta þess að hljóðið fer með aðeins 1193 km á hraða á klst. = 331 metra á sek. og gerfitungl þau sem þjóta á braut sinni nálægt jörðu eru u.þ.b. 1½ klst. að fara um hana einn



Hæsta fjall sem vitað er um í sólhverfi okkar er fjallið Olympic Mons á Mars. Það nær um 25 km. á hæð upp frá flatlendinu í kring og er allt að 600 km. á breidd við rætur.

hring, en ummál hennar er um 40.000 km). Svona stórkostlegur er hraði jarðar á braut sinni um sólu. Vegalengdin milli tungls og jarðar er 384.400 km. en það tæki jörðina aðeins tæpar 4 klst. að fara þá leið. Svo feikilegur er hraði hennar.

Höfum við annars nokkur tíma hugleitt að jörðin er, auk þess að vera heimkynni okkar og fóstura, farartæki sem ber okkur um geiminn á þessum feiknarhraða? Allir jarðarbúar eru farþegar þessa mikla farartækis eða geimskips, sem ber okkur áfram með rúmlega 100 þúsund kílómetra hraða á hverri klukkustund eða um það bil áttfalt eigið þvermál. Allir erum við jarðarbúar hér á einum báti, og ekki einungis við mennirnir, heldur einnig sambýlingar okkar og samstirningar aðrir, dýr og jurtir. Áriðandi er að allri áhöfn þessa geimskips komi vel saman, að hver styðji annan en ekki hið gagnstæða. Á því veltur farsæl för þessa mikla geimskips, jarðarinnar, með öllum íbúum hennar innanborðs.

Of mjög ber nú á deilum og illindum milli einstaklinga og þjóða, hin illa framvinda ryður sér til rúms svo mjög, í öllu lífi jarðar, að óvíst er um farsælt framhald siglingarinnar miklu á geimskipinu okkar, jörðinni.

Sú kviknun lífs og síðari þróun um langan aldur, sem æðri máttarvöld í ríki alheimsins hafa átt beinan þátt í, er nú á heljarþröm ef ekki tekst að snúa þróuninni á réttari veg, og það áður á löngu líður og enn verr fer að stefna.

Mannkyninu er ætlað að eiga hér hlut að máli um breytta stefnu og það má ekki bregðast þessu hlutverki sínu, að snúa frá helstefnunni, sem nú er ráðandi, til lífsstefnunnar, sem er hið ædsta takmark. Á þá leið verður að komast, ef ekki á illa að fara.

Og hér gætu Íslendingar tekið forystuna. Þeir þyrftu að skilja, þótt fáir séu, að þeim er stórt hlutverk ætlað í sögu heimsins, og þeir þyrftu að skilja, að þessu hlutverki mega þeir ekki bregðast. Á því getur oltið farsæl framtíð þessarar jarðar og þessa mannkyns, sem við erum hluti af.

Ingvar Agnarsson

Helgi Pjeturss:

Úr Nýal

Á Íslandi var síðasta tilraunin gerð til þess að hefja mannkynið á hærra stig. Til Íslands fór á landnámstíð mesta mannvalið af Norðurlöndum, háaðall mannkynsins. Og á Íslandi kom upp, á tíundu öldinni, fullkomnari manntegund en til var annarsstaðar, jafnvel á Norðurlöndum. Á Íslandi var um nokkurt skeið fyrirfólk jarðar vorrar. Sjálfar sögurnar sýna það. Því voru ekki slíkar sögur í öðrum stöðum ritaðar, að vit vantaði til þess. Hin íslenska sagnaritun er eitt af einkennum þessarar manntegundar, að sínu leyti líkt og myndlistin gríska. Og það er svipaður töfrablær yfir sögunum íslensku. Þess vegna lesum vér þessar sögur aftur og aftur, að þó að af ýmsu ljótu sé sagt, þá er af fullkomnara mannkyni sagt, og málsnilldin meiri en síðan hefir verið.

Hversu eftirtektarverð er saga þessarar litlu þjóðar. Baráttan fyrir lífinu gerðist hér svo örðug, þegar á leið, að stundum varð nálega að dauðastríði. Konungsaett mannkynsins varð að hungurlýð, þjóð hinnar mestu beinkramar og barnadauða. Og þó slitnaði aldrei sambandið við hina göfgari fortíð. Neistanum var alltaf bjargað, þeim sem ekki mátti deyja, neistanum sem glædd verður af hin góða framtíð.

Hversu skiljanlegt það er, að breytingin í sögu mannkynsins hefjist einmitt þar sem mannkynssagan hefir best verið rituð. Því að sagan er tilraun mannkyns til að átta sig á sjálfu sér. Og það er fyrst, ef finna skal rétta leið, að átta sig. Í öðrum löndum, við ákaflega miklu betri ástæður til að stunda vísindi en hér eru, voru menn loksins komnir svo langt að skilja, að saga mannkynsins er þáttur í sögu lífsins alls á jörðu vorri. Mannkynssaga Wells er af þeim skilningi rituð, og snilldarlega. Hér á Íslandi hefir það skilist fyrst, að saga mannkynsins er þáttur í stjörnulíffræði, saga lífsins á jörðu hér, þáttur í sögu alls heimsins. Á jörðu hér er lifað af öðru lífi og til annars lífs og í sambandi við líf í öðrum stöðum, eins og enn mun útlistað verða betur síðar.

Úr Stjörnulíffræði bls. 318-320.

Þorsteinn Guðjónsson:

Sól yfir sundum

Ég var að fletta - og dást að - einni af málverkabókunum um Ásgrím Jónsson (Hrafnhildar og Hjörleifs - Lögberg 1986). En auk málverkanna dái ég Ásgrím meðal annars fyrir það, hvernig hann segir frá því í samtalspáttunum við Tómas Guðmundsson, á hvern hátt litir og annað birtist honum í draumi. Væru margir jafnáreiðanlegir og jafngreinagóðir í frásögnum sínum af draumum, þá væri auðveldara að koma fram skýringum á eðli þeirra. Í draumum Ásgríms mun líka vera uppsprettan að hinni miklu, og að því er sumum finnst, öfgakenndu litadýrð í málverkum hans á vissu skeiði. En um það efni ætla ég ekki að orðlengja.

Mynd sú, sem nú dró að sér athygli mína mest, er á bls. 60 í nefndri bók og ber nafnið: "Skammdegissól við Öskjuhlíð". Um 1929. Olíumálverk. — Á myndinni sést sól í hánorðri, en það getur ekki átt sér stað. Það voru einkum þrjár hugsanir, sem börðust í huga mér, þegar mér varð þarna litið á: fyrst, hvort mér væri nú á einhvern hátt að skjátlast eða skeika, en það varð því ólíklegra sem ég skoðaði lengur og betur; önnur, að aðrir hefðu tekið eftir því sama og ég, og væri því engu við að bæta. Þriðja hugsunin var þarna lítill keppinautur, nefnilega sú, að listamaðurinn hafi gert þetta út í bláinn, en það mun mönnum þykja því ólíklegra sem þeim er kunnugra um skapferli hans og skoðanir. Ég hafnaði öllum þessum tilgátum og fór mína eigin leið.

Listfræðingar munu kunna að lesa nepju, fátækt og umkomuleysi aldarfarsins úr mynd sem þessari, lífsbaráttuna harða og kalda eins og hún var þá, ýmsa þjóðfélagsmenningar- og listastrauma, sem listamaðurinn var í snertingu við, allt saman ofið í því allsherjar-vaðmáli sem hinn

skapandi máttur setur á vefstól sinn, þann sem nefndur er tími. En ég sé í þessari mynd ofur einfalda sjón: skýin breytast í landslag, sem liggur eins og lárétt í loftinu fyrir ofan hið raunverulega landslag, þar sem Akrafjall, Skarðsheiði og Esja eru á sínum stað eins og líka sundin blá og fjaran nær í forgrunni. En þarna yfir er fjallgarður fjarlægur, mikill og undarlegur með hömrum sínum og tindum, og síst óraunverulegri að sjá en aðrir hlutar myndarinnar; en skírust og áhrifamest er þó sólin, hátt á lofti, sú, sem aldrei hefur þarna getað sést. Mun Ásgrímur Jónsson hafa skyggn orðið á þeirri stundu, sem hann var að mála myndina, eða móta hugmyndina að henni, og mun þá séð hafa fjallgarðinn fjarræna og sól þá sem þar skín yfir.

Draumlandslag eitt, fagurt og frítt, málaði Kjarval tvisvar einhverntíma árið 1942, var nærlendið ekki alveg hið sama, heldur var eins og **miðið** þaðan, sem myndin var "tekin" væri annað; hygg ég að sambandsmálari Kjarvals á öðrum hnetti hafi fært sig um set milli þess sem hann málaði sínar myndir, en eftir honum hafi Kjarval hermt. Myndirnar eru ekkert sérstaklega Kjarvalslegar, að því er mér virtist, en skal þó ekki fullyrða um slíkt. — Ýmsir hafa haldið að ímyndunarafli væri að verki hjá slíkum málurum, og talið að slíkt væri skýring; en svo er ekki, og er skýringin lífstarfsíleiðsla. Sjá málarar stundum betur til annarra hnatta en margir aðrir.

Sólina á mynd Ásgríms Jónssonar frá 1929 hygg ég vera eina af sólum himingeimsins, og skín hún jörðu nokkurri þar sem mannlíf þróast. Hugur minn þráir sýn til þeirrar sólar: en hvers eru þeir megnugir sem alist hafa við geisla hennar og sýnina gáfu; skynja þeir enn hennar skæru birtu?

Síðari viðbót: Til stuðnings því sem hér var sagt, má vísa til þess sem segir í bók Tómasar Guðmundssonar um Ásgrím, bls. 89 (Helgafell 1962): "Oft hefur mig dreymt stórkostleg og skemmtileg landslög, og þá einatt mjög "yfirnáttúruleg". Slíkum draumum er þó ógerningur að lýsa, þar sem ekkert er til samanburðar við þá í raunveruleikanum. En sérstaklega er tindrandi litskrúð þessara drauma alveg


óviðjafnanlegt, og á ég um það margar minningar”.

”Það tvennt er ólíkast, að dreyma drauma og að rannsaka eðli draumlífsins” sagði Helgi Pjeturss. Þó að Ásgrímur væri mikill snillingur verður ekki á því sem eftir honum er haft, séð, að hann hafi gert neina tilraun til að *skilja* eðli drauma. En fullvíst tel ég, að hinar undursamlegu sýnir hans hafi verið honum komnar frá fullkomnari mannfélögum á öðrum hnöttum, þar sem litaskynjun er á háu stigi.

Ingvar Agnarsson:

Fögur himinsýn

Óviða mun himinsýn vera fegurri en frá einhverri jarðstjörnu í kúlupyrpingum þeim sem ganga um flestar vetrarbrautir. Í slíkum stjarnþyrpingum eru sólstjörnur samankomnar í hundraða-þúsundatali á tiltölulega litlu geimsvæði.



Mannlegir (eða guðlegir) íbúar reikistjarna í kúlulaga stjarnþyrpingum, munu hafa fyrir augum ákaflega fagra sýn til himins og stjarna, því sólar eru þéttsettari á slíkum geimsvæðum en víðast annarsstaðar. Myndin sýnir kúlupyrpinguna *NGC 104* í stjörnumerkinu Tucana.

The Astronomers Manual (bls. 207, í litum).

Þorsteinn Guðjónsson:

Úr fornfræðum

Svo er sagt í Snorra Eddu, að í einhverri fjarlægri fortíð hafi verið sú öld sem gullaldur heitir eða gullöld. Mun sú öld hafa staðið lengi, en svo fór að lokum, að „spilltist af tilkvámu kvinnanna, þær komu úr Jötunheimum“. Hverjar þessar kvinnur voru minnst Snorri ekki á, en í Völuspá er nánar frá þeim sagt. Þar er sagt að með Ásum hafi allt gengið að óskum, „uns þrjár komu þursa meyjar, ámátkar mjök úr Jötunheimum“. Tvær þessara þriggja eru nefndar í kvæðinu, Gullveig og Heiður, og er svo að sjá að öll ógæfa goðanna hafi hlotist af þeim. Manndráp hefjast og styrjaldir, brigðmælgí og meinsæri og leiðir að lokum til Ragnara og fullkomins ósigurs goðanna á þeim hnetti, ósigurs sem líkist þeim, sem framundan virðist vera hér á jörð ef ekki verður að gert. En þannig er kvinnunni Heiði lýst í Völuspá:

*Heiði hétu
hvar er til húsa kom
völu velspáa
vitti hon ganda,
seið hvar er kunni,
seið hug leikinn,
æ var hon angan
illrar brúðar.*

Það er af þessu að sjá að völvan Heiður hafi farið víða um land goðanna og vakið athygli á sér með seið, þ.e. einhverjum þeim sambandsaðferðum, sem nýlunda var að. En til hvers notar hún þessa kunnáttu? Til þess að „seiða hug leikinn“ til þess að æra menn og trylla til hinna verstu verka og til þess að steypa sjálfum sér og öðrum í ógæfu. Og til

Þessara hluta er hún beinlínis mögnuð úr illum stað. Hin „illa brúður“ er að öllum líkindum spillivera á öðrum hnetti en þeim, sem þarna er sagt frá og völvan Heidiur miðill hennar. Verður ekki annað sagt en að þeim hafi orðið mikið ágengt. Gætu slíkar ófarir þótt á öðrum stjörnum hafi gerst orðið mönnum hér á jörð þörf áminning um að beita sem best mannþekkingu sinni og vera á verði gegn öllum spilli-öflum.

Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum:

Lítill grein um líf og dauða

„Tilgangurinn er að lífið sigri þannig á hverri stjörnu, að hvorki sé hrörnun né dauði, heldur komi í staðinn fyrir dauða brottflutningur til fullkomnara líffélags.“ Þannig segir í ritgerðinni **Upprisusagan og sigurinn á dauðanum**, sem prentuð er í Viðnýal, og er ekki á annan veg en þennan, sem ég hef verið að halda fram, þó að sumum kunnri að hafa fundist ég vera þar á annarri skoðun. Sjúkdómar, ótti og afskræming, eins og hér á sér stað, er ekki lífslögmál, heldur nokkuð sem ekki á að vera. Hitt er aftur lífslögmál, að einstaklingarnir flytjist héðan burt, þegar ákveðinni lífsfyllingu hefir verið náð, og þykist ég hafa gert nokkra grein fyrir því á þann hátt sem ekki hefir verið gert áður.

Myr

„Draumurinn er, eins og allir vita, gjarn og fús á að fara með sofandi fólk á gandreidur út um alla heima og geima og sýna því alls konar firn og fádæmi.“

Jón Thoroddsen, úr Manni og konu.

Ingvar Agnarsson:

Könnun annarra lífstjarna

Líf á öðrum stjörnum er okkur ekki eins ókunnugt og almennt er álitíð, því við erum daglega í meira sambandi við fjarlægga stjarnbúa, en við áttum okkur á.

Augljósast þessarar sambanda eru draumar okkar hvers og eins. Í draumi fáum við sambönd við aðra menn, og sumir þessara manna eiga heima á öðrum lífstjörnum. Draumar opna möguleika til könnunar annarra stjarna. Sá sem lítur drauma sína út frá þessu sjónarmiði getur orðið margt vísari um ýmsar aðstæður í lífríki annarra reiki-stjarna, annarra sólhverfa.

Fyrsta skrefið til skilnings er að gera sér ljóst að í draumi er ekki um „mína” vitund að ræða heldur um vitund annars manns, draumgjafa. „Ég“ er hér ekki gerandinn, heldur er það draumgjafinn. Við verðum að hafa hlutverkaskipti á þessu tvennu „mér” og „honum”, skilja að það sem mér finnst í draumi vera „ég” það er í raun og veru „hann”, draumgjafinn, sá sem draumurinn stafar frá.


Hér er um samskonar hlutverkaskipti að ræða, eins og það, er Kóperníkus skildi, að jörðin er ekki þungamiðja sólhverfisins, eins og talið hafði verið, heldur er það sólin. Það er hún, sem reikistjörnurnar snúast um, en ekki jörðin. Þetta gekk mönnum illa að skilja, lengi vel. Nú vita þetta allir.

Eins er enn með skilninginn á draumunum. Menn eiga eftir að skilja og tileinka sér þá íslensku uppgötvun að draumgjafinn er þungamiðja draumreynslunnar, en ekki draumþeginn. Draumgjafinn er sá sem sér og reynir, og er oftast íbúi annarrar stjörnu, en draumþeginn er aðeins mót-takandi þessarara reynslu. Draumur er ævinlega, að undir-

rót, vökureynsla annars manns, draumgjafans, sem svo er réttnefndur.

Reyna skyldu menn að athuga drauma sína og sjá hvort í þeim er ekki eitt og annað, er samrýmist þessum draumaskilningi.

(301 M 25. 10. 1984)



Bústaði lífsins er aðeins að finna í stjörnugrúa alheimsins.

Ekrutts Sterne

Kristín M. J. Björnsson:

Lagið eilífilda

Tónblær vígður af alheimsanda
auðgar, göfgar hug og sál,
köldum arfbegum allra landa
yljar drauma kærleiks bál.
Munum helgi ótal fagnaðs funda
friðarvé í skjóli grænna lunda,
endurminningar yndisstunda
óma gegn um söngsins mál.

Lagið í sínu eilífildi
alda síungu dularmál,
þrungið krafti og munarmildi
mjúkt sem vorblær, hvasst sem stál.
Hjá þér allar andstæðurnar mætast,
allir lífsins töfradraumar rætast,
gláðir hryggjast og hryggir kætast,
heilagt ljós í mannsins sál.

Bergmál liðinna dýrðardaga
duldam töfrum fylla sál,
áður hálfgleymdra unaðslaga
ómar tala guðamál.
Dýrðleg fylling alls sem barnið biður,
brot úr draumatónum streymi niður,
gleði, kærleikur, frelsi, friður,
fögnum, drekkum söngsins skál.

Freysteinn Gunnarsson:

Stjörnuljóð

Stjörnuljómi,
loftsins blómi,
leiftrandi blik frá himinsölum,
skín þú bjart yfir braut
í dimmum jarðar dölum.
Svartur skuggar svífa
hátt úr lágri laut.
Blessuð stjarna í björtum geimi,
breið þú ljós þitt yfir heimi,
yfir skóg,
yfir sjó,
yfir firna fjöll.
Stjarna heið,
lýstu leið,
sýndu þeim, sem rata í raunir,
réttu leið.

Ingólfur Jónsson frá Prestsbakka:

Stjörnur

Þú sem stráðir
stjörnum um himinhvolfið.
Þú hefur vitað
hvað þú varst að gera.
Þér hefur ofboðið
allt jarðmyrkrið.

Úr „Litir Regnbogans“ 1989

Úr Bjólfskviðu

(bls. 100 og 102)

Lét ýta vörður
innar bera
herfrægur konungur
Hreiðars arf
gulli görvan;
né með Gautum fannst
sváslegra
er sverð héti;
það hann Bjólfi
við barm lagði,
honum og seldi
sjö þúsund manna,
höll og hásæti.
Höfðu rétt sama
til lýðstjórnar
og landráða,
erfða óðala,
annar þó fremri
viðlendu ríki
veita forsjá.

Þá var Bjólfi
breitt ríki
falið á hendur;
hélt með sæmd
fimmtíu vetur —
varð fróður konungur,
óðalvörður aldinn —
uns að lyktum
í dimmu nætur
dreki kom,
sá í háum björgum
hæli átti,
stapadröngum;
stígur lá þangað
öllum ókunnur.

Hér er gripið niður í Bjólfskviðu, hið mikla fornenska kvæði, sem Halldóra B. Björnsson þýddi á íslensku. Það var íslendingurinn Grímur Jónsson Thorkelín, prófessor, sem fyrstur allra fræðimanna varð til að fást við Bjólfskviðu, og sá um útgáfu hennar 1815.

I. A.

Gljúfrin fögru og íbúar þeirra

(Draumur um hellabúana björtu)

I.

Mig dreymdi fagan draum, þannig, að mér fannst allt í honum vera bjart og fagurt og að bæði ég sjálfur og allir sem ég sá, væru glaðir og sælir.

Mér þótti ég búa mig til ferðar ásamt mörgu öðru fólki. Ætluðum við að taka þátt í hátíð einni mikilli, sem fram átti að fara alllangt í burtu. Vorum við hér mörg saman komin og biðum einhvers með eftirvæntingu.

Allt í einu þykir mér sem við séum öll komin á áfangastað, og veit ég ekki með hverjum hætti það gerðist.

Ég stend þá í djúpum, þröngum dal eða gljúfri, og voru klettur miklir á báða vegu. Mjög var bjart yfir öllu, og er ég litadist betur um, sá ég að allir þessir hamrar voru ljósir á lit, næstum hvítir en þó sumstaðar með dálítið gulum blæ. Skynjaði ég, að hér væri mjög margt mannabústaða, og sá ég einnig að víða voru dyr eða einhver op upp um alla þessa miklu gljúfurveggi. Sá ég að þau lágu víðast í láréttum röðum hvert upp af öðru. Vissi ég, að hér væri í rauninni allmikil byggð eða borg með miklum fjölda íbúa.

Mér þótti ég vera í sérstökum hópi fólks, og var meðal okkar kona ein, sem mér þótti vera móðir mín. Ekki veitti ég henni samt slíka athygli að ég geti neitt sagt um útlit hennar.

Við ætluðum að heimsækja ákveðið fólk, og þóttist ég gjörla vita, hvar í klettunum það ætti heima. Mændum við þangað augum, og skipti þá engum togum, að samtímis vorum við þar komin. Var þar einskonar breið klettasylla all hátt uppi. Leit ég yfir umhverfið og sá sléttan dalbotn langt fyrir neðan, en ljósa hamraveggi beint á móti.

Gestgjafar okkar leiddu okkur inn í híbýli sín. Voru þar bjartir salir, og búnir ýmsum húsmunum og skrauti. Fórum við í mörg herbergi, sem okkur voru sýnd. Fannst mér mikið til koma að sjá allt hið fagra sem fyrir augu bar, en engu get ég samt lýst svo vel sé, það festist ekki svo vel í minni mínu. En ég fann hér einhverja unaðstilfinningu, eitthvað sem gagntók sálina og gerði mig ósegjanlega glaðan og sælan. Og mér fannst við öll gagntekin sælukennd. Ég var sem umvafinn hlýju og góðvild frá þessu fólki, sem átti hér heima og var að taka á móti okkur.

Er við höfðum gengið hér um bústað þessa fólks, var okkur boðið til þeirra sem heima áttu rétt þar hjá. Var þar allt með svipuðu sniði og hjá þeim fyrri. Allt var svo fagurt og yndislegt, og viðmót fólksins hlýlegt og heillandi.

Þótti mér við fara víða um og skoða hina fögru bústaði heimamanna hér og hvar í þessum klettum. Allt var svo bjart bæði úti og inni. Og hjá mér vaknaði sú hugsun, að hin mikla birta, sem allstaðar var inni í þessum klettahíbýlum, hlyti að stafa mest af hugarfari fólksins, íbúanna á þessum stað, góðleika þess og samstillingu.

Nú þótti mér konan, sem mér fannst vera móðir mín, óska eftir, að ég kæmi með sér í heimsókn til ákveðinnar konu, sem hún kvaðst þekkja og ætti hún heima þarna eigi langt í burtu, annarsstaðar í klettunum. Ég ætlaði að láta að óskum hennar. En áður en við vorum lögð af stað, vaknaði ég, og leið mér ákaflega vel fyrst á eftir.

II.

Draumur þessi þykir mér vera all athyglisverður, fyrst og fremst vegna þess, hve allt var hér bjart og fagurt og hve draumgjafi minn var altekinn fögnuði og sælutilfinningu.

Hamraveggirnir með ótölulegum fjölda mannabústaða, er ekki síður athyglisvert atriði. Tel ég víst að þessi draumséði staður, sé á öðrum hnetti, þar sem lífið stefnir betur en hér hjá okkur.

Þá dettur mér enn annað í hug: Er hugsanlegt að þessir klettabústaðir, sem draumgjafi minn var að skoða, séu sama

eðlis og þeir, sem skyggnir menn þykjast stundum sjá í klettum á okkar landi, og telja vera bústaði álfa og huldufólks? Ekki finnst mér sú tilgáta ósennileg.

Margrét frá Öxnafellum talar um, að oft hafi hún í æsku séð mikinn fjölda ljósa í klettabeltunum, ofan við bæinn sinn í Eyjafirði, og taldi hún þar vera miklar álfabyggðir.


Er ekki vel hugsanlegt, að hjá henni hafi hér saman farið fjarsýn til klettabyggðar fólks á öðrum hnetti og hamrabeltuð fjallshlíðin ofan við bæinn hennar?

Hafi landslagi þar og hér svipað nokkuð hvoru til annars, er ekki óeðlilegt að ófreskur maður geri þar ekki upp á milli, enda mun sjálfstæð athugun ekki vera mjög virk meðan sambandsástand varir. Samband í vöku og í draumi mun ekki vera mjög ólíkt. Í báðum tilvikum mun eigin hugarstarfsemi sýnþegans (sambandsþegans) vera mjög slævð eða óvirk, og á það þó reyndar einkum við, þegar um draum er að ræða.

Í fullkomnu draumsambandi munu eigin athuganir dreymandans engar vera eða svo til engar. Allt sem er séð og heyrt eða hugsað í draumi er þá þegið af draumgjafanum en í vökusýn hins ófreska manns munu koma við sögu, hans eigin hugsanir, og blandast eða koma mjög í staðinn fyrir hugrenningar hins fjarlæga sambandsgjafa.

Ingvar Agnarsson. (Dreymt 23. jan. 1984.)

Úr stjarnheimum



Á stjörnuhimni annarra mannkynja mun víða að sjá fegurri himinsýn en héðan gefur að líta.

Stiginn til jarðar

Árið 1921 var ég undirritaður í Efra-Langholti í Hrunamannahreppi hjá hjónunum Jóhönnu Jónsdóttir og Sveini Sveinssyni er þar bjuggu.

Dreymir mig þann draum er nú skal greina:

Sveinn biður mig að sækja beisli inn í Stakkatún sem var um 1½ - 2 km. frá bænum. Þegar ég er kominn um hálf leið mæti ég manni, hann var hár og grannur, en samsvaraði sér vel, hafði mjög traustvekjandi andlit og var í serk svipað og Jesús Kristur er málaður í.

Við tókum tal saman og spurði ég hvort hann þekkti mig. "Já Axel minn, þig þekki ég vel, en veist þú hver ég er", spyr hann mig".

"Ég kannast eitthvað við þig, en kem þér ekki almennilega fyrir mig".

"Viltu vita hver ég er", og svara ég því játandi og hann segir: "Ég er Guð".

Ekki varð mér meira um það, heldur en að hann hétu Pétur eða Páll. Ég spyr hann hvort hann vilji koma með mér inn í Stakkatún og játar hann því. Á þessari leið fram og til baka ræddum við mikið saman, en af þeim viðræðum man ég ekki eitt einasta orð.

Þegar við erum komnir heim að túngarðshliði segi ég við hann: "Nú kemur þú með mér heim, því ég veit að þú færð kaffi". Hann svarar því ekki, en spyr hvort ég vilji koma með sér, og svara ég því játandi.

Mér er ekki kunn sú leið er við fórum en allt í einu erum við komnir inn í stóran sal. Þegar inn í salinn er komið er sætisbekkur á einni hlið. Á vegg beint á móti eru dyr og á þriðja veggnum aðrar dyr. Inn um þær segist hann þurfa að fara, og biður mig að biða því hann verði ekki lengi, en hurðina beint á móti mér megi ég ekki opna. Að svo búnu hverfur hann inn um áðurnefndar dyr. Fékk ég þá mikla löngun til að opna þær dyr, sem mér voru bannaðar. Ég lét

mig hafa það að ganga þvert yfir salinn og opna dyrnar, en hurðin gekk inn svo ég sá aðeins lítinn hluta þess salar er þar var, en sá þá að þar inni var mikið af gömlu fólki. Í sömu andrá kemur hann inn og lokar hurðinni og segir: Nú verður farið að undrast um þig heima hjá þér, svo nú verður þú að fara”.

Þá átta ég mig á hver hann er, og það sé ekki á hverjum degi að maður standi augliti til auglits við Guð svo ég bið hann eins vel og mér var mögulegt að lofa mér að líta aðeins inn í salinn til gamla fólksins. Um það fékk ég algjörlega neitun. ”En ég lofa þér því, að þegar þú kemur næst skaltu fá að fara þarna inn”.


Að svo búnu fylgir hann mér að útidyrum og þar kveðjumst við. En þegar ég fer út, sé ég að niður á jörðina liggur stigi með mjög breiðum og þykkum þrepum, einnig var stiginn mjög breiður. Stiginn virtist vera úr harðviði og mjög traustur.

Þegar ég svo vakna um morguninn þótti mér verst að hafa ekki talið þrepin í stiganum.

Þó að 65 ár séu liðin síðan mig dreymdi þennan merkilega draum, er hann jafn ljóslifandi fyrir mér eins og nóttina sem mig dreymdi hann.

Reykjavík, 18. júní 1986. Axel Helgason.

Sólhverfið



Nokkrar brautir í sólkerfinu. Yzt er braut Plútós; hún hallast talsvert miðað við flestar hinna brautanna. Braut Mars er innst á myndinni; brautir Merkúriusar, Venusar og jarðar eru of innanlega til að sjást. Milli brauta Mars og Júpíters eru sýndar skáhallar brautir nokkurra smástirna.

Ókunnur stjarnbúi ljær mér augu og hugsun

I.

Óþekktur stjarnbúi ljær mér sjón og hugsun, áreiðanlega framkvæmdamaður.

Mig dreymdi að ég væri staddur á höfða nokkrum grasi vöxnum, og horfði út á sjó. Sjórinn var rennisléttur en sló á hann mjög áberandi sterkri, grænni slikju. Þar sem ég stóð var á.a.g. 100 m. standberg niður í sjó. Bjart var og hlýtt en ekki sást til sólar.

Nú þótti mér koma til mín nokkrir menn og spyrja hvað ætti að gera þarna. Áður en ég svaraði því gekk ég með þeim í átt frá hafinu 5 - 600 metra og komum við þá að dalsmynni nokkru. Dalur þessi þrengdist mjög niður og var lítið nema skora neðst. Á allmikil rann eftir dalnum og steptist í fossi niður í gljúfur stór, sem lágu meðfram höfðanum hægramegin er horft var inn í dalinn. Þá þótti mér ég segja:

”Til hvers haldið þið að ég hafi verið að fylla upp í gljúfrin að framan?”

Þeir svöruðu ekki. ”Hér verður stórt stöðuvatn og verður virkjað, hér fást 100 kw,“ svaraði ég. Mér fannst mér líða undur vel og þótti nokkuð til koma að geta sagt frá þessu. Þó fannst mér sem ég skynjaði öfund allmikla frá þessu fólki og þótti mér það miður.

”Þetta stöðuvatn verður síðan notað fyrir fiskeldi”, hélt ég áfram að útskýra. ”Og svo sjáið þið að ég er búinn að klæða fjallið hérna vinstra megin og þvínæst ætla ég að planta þar út skógi en ræturnar eiga að fara í gegnum efnið og niður í jarðveginn”.

Sjálfum fannst mér efni þetta líkjast einhverskonar timburplötum. Fjallshlíðin virtist slétt og klettalaus en brött. Svo á að búa til pall mikinn milli fjallanna og þar á þorpið að standa”. Til þess fannst mér leikurinn gerður að búa fólki þarna athvarf.

”Á hverju á fólkið að lifa?”, spurðu viðmælendur mínir.

”Á fiski úr vatninu, skógi í fjallinu og síðast en ekki síst, fiski úr sjónum. Það er tuttugu metra dýpi við klettinn”.

Nú furðaði ég mig á því með sjálfum mér að ég skyldi segja þetta þar sem ég þóttist samt viss um að dýpið væri tuttugu faðmar eða nærri 40 metrar á þessum stað. En ég þóttist halda áfram: "Ég ætla að henda hérna fram af nýju fiskislógi til að hæna fiskinn að".

Þarna kom dálítið fyrir sem sýndi að það var ekki ég sjálfur sem var að tala því ég samsinnti þessu í huganum með því að bera saman atburð frá því árið 1981 er við Anna konan mín vorum á veiðum norður á Patreksfjarðarflóa og þóttumst komast að þeirri niðurstöðu að við héldum fiskinum betur undir með því að slægja jafnóðum og fleygja slóginu fyrir borð, enda sáum við að kunningi okkar, Númi á Gylfanum, hafði þennan háttinn á og fiskaði manna mest.

Nú tók ég eftir því að lónið er að fyllast og finn þá fyrir nokkrum kvíða yfir því, hvort stíflan muni standast þegar áin fer að renna framaf. En ég slæ þessu frá mér og hyggst steypa ofan á stífluna við tækifæri.

Dreymt aðfararnótt 11. ágúst 1986.

Ragnar Þorsteinsson.

II.

Þessi draumur Ragnars Þorsteinssonar er athyglisverður fyrir margra hluta sakir. Hann er skýr og glöggur og vel kemur fram það sem dreymandinn sér, hugsar og talar, og einnig minningar hans, sem eru allt aðrar en draumgjafans. Framkvæmdamaður virðist sá vera í meira lagi, og kemur það vel fram í minningum hans og tali við þá, sem hjá honum eru.

Sé draumurinn frá annarri jörð, sem mér sýnist ekki koma skýrt fram, því víða á okkar jörð gæti landslag verið svipað og atvinnuaðstæður hliðstæðar, — þá virðist þar enn ekki vera komið á rétta framfaraleið, fremur en hér.

Hjá mannkynjum, þar sem lífstefnan ræður, munu fiskveiðar ekki vera stundaðar, sér til framfæris, og engar dýraveiðar. Dýradráp mun þar úr sögunni, en reynt að vernda allt líf og hlúa að því eftir föngum. Lotning fyrir lífinu mun þar áreiðanlega vera á miklu hærra stigi, en enn er af að segja á okkar jörð.

I. A.

Fyrir miðilsmunn

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Sigurður Ólafsson.

(Sigurður Ólafsson):

Sæl og blessuð.

Jæja, þið eruð þögul. Þetta er bara grafarþögn. Hvað gengur að blessuðu fólkinu?

Fundarmaður (Þ.G.): Þú lífgar okkur upp.

Það veitir ekki af.

Sigurður (Ólafsson).

Sæl verið þið.

Þetta gengur ekki.

Jæja, ekki er ég ólíkur sjálfum mér með prakkarastrikin, skömmóttur bara í aðra röndina.

Jæja, ég hef mikið hugsað til ykkar félaganna á áramótunum og á öðrum tímum langað til að spjalla við ykkur um heima og geima, lífið og tilveruna frá mínum sjónarhóli séð. En þar sem ég er ekki á meðal ykkar, er þetta ekki eins auðvelt og skyldi. Rétt er að reyna að segja hug sinn, þegar tækifæri býðst og hér, þó ekki sé enn sem fullkomnust skilyrði til slíks, er eigi að síður í rétta átt stefnt með slíkum sambandstilraunum á fundum þessum. Og veit ég þið hafið sama skilning á því, er ég hefi haft og hefi enn, að mannkynið þurfi leiðsögn fullkomnari mannkynja í alheimi til þroska og fegurra lífs.

Því lengur sem ég lifi, því meir sem ég kynnist alheiminum og hefi meira reynt, því ljósara hefir mér orðið hið æðsta takmark lífs og allrar tilveru, alsamband, alsamstilling, er Helgi Þjeturss talaði um og gerði merkilega grein fyrir í ritum sínum sem takmark tilverunnar, er ekki hugarburður né gervivísindi brjálaðs manns, heldur bókstaflega undirstöðuskilningur á eðli heims og lífs og takmarki, sem þar kemur til greina.

Fundarmaður (P.G.): Mig langaði að spyrja þig, hvort þú hafir séð hvort þessi samstilling væri komin á að nokkru verulegu marki á stórum svæðum okkar vetrarbrautar?

Þegar svipast er um og lífið skoðað í heild í einni vetrarbraut, er margt þar að sjá og margt furðulegt og óvænt ber fyrir sjónir. **En sjá má, þrátt fyrir mun, margt sameiginlegt með hinum ýmsu lifendum hinna ýmsu sólhverfa.** Þó mislangt sé komið sömu framþróun hinna ýmsu mannkynja þessarar vetrarbrautar, virðist sem þau eigi mikið sameiginlegt, útlit og svipmót og menningu, víða. Þó er þar hægt að skipta mannkynjunum nokkuð í flokka. Sum stefna eindregnar til réttar áttar en önnur og hafa sum náð alllangt á þekkingarbrautinni. Þar má nefna mannkyn, er mætti segja að nálguðust guðsstigið jafnvel. En önnur mun skemmra komin og önnur á hættulegri braut, sem jörðin er dæmi um. Helstefnumannkyn allnokkuð mörg fyrirfinnast í þessari vetrarbraut. Það er ég ekki fullkomlega fróður um alla lífsöguna í vetrarbrautinni frá upphafi til þessarar stundar. En margt veit ég um þegar og er það margt merki-legt frásagnarefni í bækur framtíðarinnar, er samböndin fullkomnast.

Fundarmaður (E.P.): Eru margir framlífshnettir í okkar vetrarbraut. Ert þú, til dæmis, í okkar vetrarbraut?

Enn er ég innan vetrarbrautar en í öðru sólhverfi, þó fjarlægju. En þegar ég flyt, þá flyt ég í aðra vetrarbraut. L/T

Fundarmaður: Efl einhver munur á ástandinu í miðju vetrarbrautarinnar og í jöðrum hennar. Efl miðjan nokkuð sérstök? L/T
L/T

Þéttari sólhverfin. **Hvað þroska lífsins varðar, skiptir það ekki máli, hvar í vetrarbrautinni það er. Möguleikarnir eru ef til vill ekki alstaðar eins en í aðalatriðum hinir sömu, hvort sem það er í miðju eða yst í vetrarbrautinni, að því er mér virðist.** Alstaðar líf á mismunandi þroskastigi, hvar sem borið er niður í flestum sólhverfum. En ég hefði þurft að kanna þetta nánar, til að svara þér ákveðnar um þetta.

Jæja, vinir, það líður tíminn og mér ekki ætlaður nema takmarkaður tími hér í kvöld. Það væri vel, ef hægt væri að

sýna ykkur sólhverfin í milljónatali í svipsýn og má vera, að það verði síðar þó, fjarskynjun slík auðveldari en nú er milli hnattanna og yfirsýn yfir heimshverfi hin stórkostlegu, sem vetrarbrautirnar eru og yfirvetrarbrautir.

Sigríður Kristjánsdóttir (skynjar): Ég sá mann í einhverju farartæki. Það líktist Parísarhjóli. Það virtist vera mjög einfalt í smíðum. Ég var að velta því fyrir mér, hvernig það skyldi hafa gengið. Svo leið hann áfram eins og hann væri að fara milli hnatta. Í ljóslitum búningi og með ljóslitan hjálm og þetta farartæki var alveg í sama lit. Fór nokkuð hratt yfir.

Já, geimfór eru til, eins og jarðarbúar kannast við, þó ekki séu þau fljót í förum í samanburði við lífaflíð. Þó kynni lífaflíð að geta flutt líflaus efni milli hnatta. Það eru ýmsir stórfurðulegir möguleikar á efnisflutningum milli hnattanna, þegar þekking á lífaflinu er nægilega fullkomin.

Þakka fyrir og verið sæl.

09. 01. 1989.

Gunnar Hjörvar

(ritaði eftir segulbandsupptöku.)

Fyrir miðilsmunn

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Platón

Platón hinn gríski talar.

Sælir Íslendingar og megi ykkur auðnast að þiggja liðsemd Grikkja hinna fornu og það í æ ríkara mæli. Og eru Forn-Grikkir ýmsir, sem til ykkar senda styrk og mátt og vit og skilning, veita ykkur þátt í sinni meðvitund og afli með öðrum orðum.

Ég hef vitað til Íslands talsvert á liðnum tímum og skynjað til íslenskra manna.

08. 09. 1986

Gunnar Hjörvar

(ritaði eftir segulbandsupptöku.)

Fyrir miðilsmunn

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Jón Auðuns.

Jón Auðuns.

Sæl og blessuð. Blessað veri fólkið. Heil og sæl.

Prestur var ég en er nú ekki lengur. En hugsa til ykkar eigi að síður með það í huga að láta í ljós álit mitt á málefni ykkar og stefnu, þó það sé nú ekki víst, að þið gerið nú ráð fyrir að prestur og spíritisti sé sérstaklega áhugasamur á þessu sviði. Ekki skuluð þið samt álíta, að ég sé alveg í sömu sporum og ég var. Hafi að engu leyti breytt skoðunum mínum frá því, er ég var á jörðinni. Þær skoðanir hef ég nú endurskoðað rækilega og lít öðrum augum á margt og tel mig að mörgu leyti á svipuðu skilningsstigi og Nýalssinnar. Hvað eðli framlífs snertir og lögmál lífs og heims, hef ég hugleitt í nýölsku ljósi og í stjörnulíffræðilegu ljósi, sem ég kalla náttúrufræðileg viðhorf og heimsfræðileg og ekki trúarleg eða spíritísk og dulræn viðhorf, er margur hefur tileinkað sér og á erfitt með að rífa sig lausan frá. En hver, sem hugleiðir innsta eðli hlutanna og lögmál réttilega, mun fyrr eða síðar hverfa frá dulrænu og andatrúarlegum heila-spuna og komast á vísindalega og náttúrufræðilega þekk-ingarbraut.

Sólhverfi það, sem ég fluttist í að loknu jarðlífi mínu, var mér opinberun slík, að ég get ekki lýst því með orðum, hve ég varð þar undrandi að sjá aðra sól skína á himni og miklu bjartari en hin jarðneska sól og sá ég, að ekki dugði að tala um andlega sól. Það var eins og að berja höfðinu við stein að ætla að kenna þessa sól við eitthvað andlegt, óefnislegt fyrirbrigði. Það kom ekki til greina, nei, nei, og ég hugsaði með mér, ef þetta er önnur sól, er ég þá ekki á annarri jörð og ég hugsaði mér að kanna það. Og sú könnun leiddi það í ljós, að um aðra jörð var að ræða heldur en þá, sem ég hafði horfið frá og merkilegt þótti mér, hve margt var þó líkt þarna og ekki eðlismunur á neinu en stigsmunur gæti ég sagt í fegurðarátt og fullkonnunar á mörgum sviðum þess

lífs, sem þar var á framfarabraut.

En ég varð nú ekki var við undireins fólk í kringum mig. Það tók mig nokkra stund þarna fyrst. Er ég var að reyna að geta hreyft mig í hinum nýja líkama en með óstyrkum limaburði þó, fann ég, að ég var eins og teymdur í vissa átt af ómótstæðilegu afli og fann ég, að því var ekki með neinu móti undan komist að ganga í þessa ákveðnu átt og gerði ég það. Þar kom, að ég sá dal framundan opnast og í dalbotninum vissi ég, að ég átti að koma fram. Þar væri mín vænst og ég fylltist einhverjum undursamlegum fögnuði, að þar yrði viðbúnaður til að taka á móti mér og að engu leyti kvíðvænlegt að koma þar. Þessi tilfinning gagntók huga minn. Þar var líkt og ég svifi fremur en gengi inn eftir dalnum og ótrúlegur hraði var á mér orðinn og að engu leyti gat ég stjórnað ferðinni sjálfur.

En þegar ég kom loks að þorpi, sá ég þar var sérkennilegt hús í miðju þorpinu. Þar voru opnar dyr, þar sem ég gekk nú inn og þar inni sá ég hóp af fólki sitjandi með hendur í skauti sér. Það fólk var mjög bjart yfirlitum og tignarlegt í fasi og undursamleg birta yfir því öllu eins og útgeislun bláleit, björt frá hverjum einum, svo að ég hafði ekki slíkt séð nokkru sinni frá nokkrum manni. Það fór um mig óumræðilegur orkustraumur og færðist um allar taugar og frumur líkama míns líkt og (ég hefði) fyllst orku allra, er þarna voru og meira en það og þessi orka hvarf ekki. Hún var eins og stöðugt varandi og ég fann nú var ég lifandi í orðsins fyllstu merkingu. En að vera lifandi vita menn ekki á jörðu ykkar, hvað er í raun og veru.

Þakka nú fyrir og verið sæl.

27. 02. 1989.

Gunnar Hjörvar

(ritaði eftir segulbandsupptöku.)

Ingvar Agnarsson:

Til lesenda Lífgeisla

Í undanfarandi **Lífgeislaheftum** hef ég óskað eftir að lesendur og velunnarar ritsins sendi mér eitt og annað efni, sem hentað gæti til birtingar. Hafa nokkrir orðið vel við, og vil ég hér með þakka þeim þetta framtak þeirra.

En ég veit að margir fleiri gætu lagt hér eitthvað af mörkum, og væri vel ef þeir tækju sig nú til og skrifuðu upp og sendu **Lífgeislum** eitthvað af því, sem hugurinn býr yfir: **drauma, ljóð, frásagnir, hugleiðingar** og sitthvað annað, sem samræmst gæti efni og tilgangi þessa blaðs.

Margir þeir, sem fengið hafa **Lífgeislablöð** í hendur að undanfögnu hafa staðfest áskrift sína, og kann ritstjórinn og útgefandi þeim hinar bestu þakkir fyrir, því á fjölda áskrifenda byggist möguleikinn á útkomu ritsins.

Útkoma **Lífgeisla** er ein lítil tilraun (meðal annarra tilrauna) til bættra sambanda við lengra komið líf á öðrum hnöttum, þar sem betur stefnir en enn er raunin á, meðal okkar jarðarmanna. Af ýmsum fréttum utan úr heimi virðist mega ráða, að mikil tilraun sé gerð af hendi hinna lengra komnu stjarnbúa, til að bæta stjórnarfar, ástand og hugsunarhátt okkar jarðarbúa. Það er því áriðandi, að þeir Íslendingar, sem telja sig hafa einhvern skilning á eðli lífsambanda, láti ekki sitt eftir liggja, en leggi þessu máli lið eftir því sem við verður komið af hálfu hvers og eins.

Ég mun ekki hafa þessi orð fleiri að sinni, en óska öllum lesendum og velunnurum **Lífgeisla** sem bestra sambanda við hina lengra komnu vini okkar í ríki stjarnanna, því ég álit að þangað sé að rekja hina sönnu farsæld hvers manns.

*F.h. Félags Nýalssinna,
Ingvar Agnarsson.*

Lífgeislar

Útgefandi: SKÁKPRENT fyrir hönd Félags Nýalssinna
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík
Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT

ERINDI OG GREINAR:

Þrístirni í Krabbamerki. (Sjá forsiðumynd) I. A.	bls.	38
Hin nýju líffræðivísindi. Þorsteinn Guðjónsson ...	"	39
Himinsýn (mynd úr Meyjarmerki) I. A.	"	41
Stærðir (með 5 myndum) I. A.	"	42
Úr Nýal. Helgi Pjeturss	"	48
Sól yfir sundum. Þorsteinn Guðjónsson	"	49
Fögur himinsýn (með mynd) I. A.	"	51
Úr fornfræðum. Þorsteinn Guðjónsson	"	52
Lítill grein um líf og dauða. Þorsteinn Jónsson	"	53
Könnun annarra lífstjarna (með mynd) I. A.	"	54

LJÓÐ:

Lagið eilífilda. Kristín M. J. Björnsson	bls.	56
Stjörnuljóð. Freysteinn Gunnarsson	"	57
Stjörnur. Ingólfur Jónsson	"	57
Úr Bjólfskviðu (þýðing Halldóra B. Björnsson) ...	"	58

DRAUMAR:

Gljúfrin fögru og íbúar þeirra. I. A.	bls.	59
Stiginn til jarðar. Axel Helgason	"	62
Ókunnur stjarnbúi ljær mér augu og eyru Ragnar Þorsteinsson	"	64

SAMBANDSFUNDIR:

FYRIR MIÐILS MUNN. Gunnar Hjörvar ritaði ..	bls.	66
Sigurður Ólafsson	"	66
Plátón	"	68
Jón Auðuns	"	69

MYR:

Jón Thoroddsen, úr „Manni og konu“	bls.	53
Úr stjarnheimum (mynd)	"	61
Sólhverfið (mynd)	"	63

Til lesenda Lífgeisla. I. A.	bls.	71
-----------------------------------	------	----